



# Safnaðartíðindi

# Seljasóknar

34. ÁRG. 2. TBL. Aðventa 2013



Seljakirkja í vetrarbúningi

## Kynnið ykkur aðventudagskrá Seljakirkju á baksíðu

## Aðventa - jól í nánd

Það er nokkuð síðan farið var víða um borg að auglýsa nánd jóla, jafnvel að þau væru þegar komin í ýmsar verslanir eða veitingastaði. Við það er í sjálfu sér ekkert að athuga, þar ræður hver og einn sem lystir. Í kirkjunni er það boðið að jólin séu helg hátíð, bundin trú, bæn og þakklæti til Guðs. Þannig hljóti hin raunverulegu jól að vera. Þau séu fæðingarhátíð Jesú Krists og honum bundin. Þannig hafa jólin verið um aldirnar til blessunar og gleði, snerting við innstu

leyndardóma lífsins. Á aðventunni er það undirbúið í kirkjunni okkar með margs konar helgihaldi. Reynsla kynslóðanna er, að sá undirbúningur sé ákaflega mikilvægur til þess að eiga helg jól. Um það er vert að hugsa og nota það sem í boði er. Tökum því þátt í að undirbúa helg jól. Gleymun ekki því sem skiptir mestu máli á jólahátíðinni. Hittumst í kirkjunni okkar.

Valgeir Ástráðsson.

## Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er fólgin í því að sendar eru valgreiðslur í heimabanka. Upphæðin er 2.500 krónur. Rennur fjármunir til vatnsverkefna Hjálparstarfsins.

Verkefni Hjálparstarfsins eru mörg og umfangsmikil, þar sem meðal annars er unnið að því útvega hreint vatn og bæta þar með heilsu, auka ræktun, búfjárhald og almenna afkomu.

Hreint, tært og frískandi vatn er undirstaða alls lífs í heiminum.

Greiddur seðill gefur sjö manns hlutdeild í brunni og þar með vatn til áratuga.

Fyrir utan að greiða valgreiðslur í heimabanka er hægt að fara á vefinn

framlag.is og velja málefnið sem gjöfin á að renna til, gefa gjafabréf í jólagjöf á [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) eða styðja við vatnsverkefnið með því að hringja í símanúmerið 907 2003.

Jafnframt má benda á að gömlu góðu söfnunarbaukana er hægt að fá hjá Hjálparstarfinu í síma 528 4400. Auk þess verður þeim að vanda dreift í barnastarfi í kirkjunni okkar.

Baukunum söfnum við saman við barnaguðsþjónustu

22. desember. Þeir sem vilja bauk geta haft samband við skrifstofu hjálparstarfsins og fengið hann í pósti eða sótt í Seljakirkju. Stöndum saman og réttum hjálparhönd.

## Svipmyndir úr barnastarfi Seljakirkju



## Fréttir

### Nýr formaður sóknarnefndar

Á loknum aðalfundi sóknarinnar á líðandi ári, urðu formannsskipti í sóknarnefnd Seljasóknar. Guðmundur Gíslason, tók við formennsku af nafna sínum Guðmundi Hjálmarssyni. Guðmundur Gíslason er af mörgu kunnur í störfum, -við bankastjórn, og landsþekktur afreksmaður í íþróttum um árabil. Hann átti áður sæti í sóknarnefnd, og gengdi þar hlutverki varaformanns. Á þeim vettvangi hefur hann sem annars staðar verið virtur fyrir störf sín. Guðmundur Hjálmarsson tók við formennsku árið 2005, og skilur eftir sig frábært starf sem slíkur og á þar mikið þakklæti safnaðar og samstarfsfólks.

### Kirkjukórasamstarf

Söfnuðir Breiðholtsins eru fjórir og eru allir sjálfstæðar einingar, eins og vera ber. En með þeim söfnuðum hefur einnig verið náin og góð samvinna frá öndverðu. Söngstjórar safnaðanna ásamt kirkjukórnum, hafa nú áform um átak snemma á næsta ári. Þar verður um að ræða samsöng kóranna, sem gefur möguleika á stærri verkefnum en ella. Samsöngur verður þá í kirkjunum. Undirbúningur verður þátttakendum skemmtilegur og áheyrendum eftirvænting. Þess má geta, -körlum til umhugsunar - að kirkjukórinn í Seljakirkju getur bætt við sig karlaröddum við þetta skemmtilega viðfangsefni.

### Heimasíða kirkjunnar

Fréttir af starfi Seljasafnaðar má finna á heimasíðu. Þar er einnig að finna upplýsingar um söfnuðinn, starfsfólk og sögu. Slóðin er

<http://www.seljakirkja.is>



## Kirkjuheimsóknir skólanna á aðventu

Það er föst venja á aðventunni að nemendur bæði í leik- og grunnskólunum í Seljahverfi eigi stund í kirkjunni sinni á aðventunni. Það er allt vel undirbúið af nemendum og starfslíði í samráði við starfsfólk kirkjunnar. Foreldrar og aðrir sem njóta vilja góðra stunda eru þar auðfúsugestir.

**Þriðjudaginn 17. desember** koma nemendur úr Seljaskóla í kirkjuna. Kl. 9 eru 1., 2. og 3. bekkur, og kl. 10:15 koma 4., 5. og 6. bekkir.

**Miðvikudaginn 18. desember** koma nemendur úr Ölduselsskóla í kirkjuna. 1., 2., 3. og 4 bekkir koma kl. 10 og 5., 6. og 7. bekkir kl. 11.

**Fimmtudaginn 19. desember** koma leikskólarnir í kirkjuna kl. 9:30 og kl. 10:45.

**Föstudaginn 20. desember** koma 8., 9. og 10. bekkir Ölduselsskóla kl. 10.30 og 7., 8. 9. og 10. bekkir Seljaskóla kl. 12

## Aðskulýðsfélagar söfnuðu fyrir vatni

Í byrjun nóvember var áttak Hjálparstarfs kirkjunnar með unglingum safnaða Þjóðkirkjunnar. Ungmenni úr 65 sóknum í öllum landshlutum gengu í hús og söfnuðu peningum til verkefna í Mósambík, Malaví, Úganda og Eþíópíu. Í öllum þessum löndum eru mikil vandamál fátæktar. Með söfnuninni var einkum beint athygli að hjálp vegna öflunar á neysluvatni. Krakkarnir í Sela, æskulýðsfélagi Seljakirkju, tóku fús og kát þátt í söfnuninni og söfnuðu tæplega 40 þúsund krónum sem renna óskipt til verkefnis Hjálparstarfsins. Það var þeim til sóma. Það eru margreynd sannindi að mesti gleðigjafinn er að láta gott af sér leiða.

## Aðventukransinn

Venjur og siðir fylgja jólum og undirbúningi þeirra. Margar venjur og siðir hafa innihald og merkingu til gagns og uppbyggingar. Vert er að huga að merkingu þeirra og þar með njóta gagnsemi fyrir hugsun og líf. Skipulag aðventutímans með fjórum sunnudögum, er einn af þeim siðum, sem kirkjan hefur kennt til góðs undirbúnings jóla. Með hverjum sunnudegi er lögð áhersla á þætti trúarlífsins sem vera skulu til gagns og blessunar. Til að undirstrika aðventusunnudagana fjóra, hefur aðventukransinn verið notaður til gleði á flestum heimilum. Þar eru fjögur kerti eins og sunnudagar aðventunnar. Á fyrsta sunnudag í aðventu skal tendra eitt kerti, annan sunnudag tvö kerti o.s.v.frv. Íhugunarefni eru með hverju kerti. Þar er gott að fjölskyldan íhugi saman og ræði boðskap aðventukransins.

Fyrsta kertið heitir **Spádómskertið**. Þar er bent á að Guð himnanna hafði undirbúið komu sína til mannheims um margar aldir. Spámenn Drottins höfðu sagt frá áætlun Guðs um það að hann kæmi til að verða frelsari fyrir alla menn.

Annað kertið er nefnt **Betlehems-kertið**. Það undirstrikar að Guð, „sem ræður himni háum“, varð áþreifanleg manneskja á jörðu, maður meðal manna“. Sá Guð er ræður himni háum, hann hvílir nú í dýrastalli lágu, sá Guð er öll á himins hnoss, varð hold á jörð og býr með oss“



Þriðja kertið er **Fjárhirðakertið**. Guð á jörðu gerir sér ekki mannámun, hann samneytir öllum, við hvaða aðstæður og stöðu sem þeir búa. Líka, að fjárhirðarnir fóru og veittu lotningu. Þannig ber að taka á móti Guði á jörðu.

Fjórdja kertið er **Englakertið**. Englarnir frá himni sungu fyrstu jólasálmanna. Þá snertust lofgjörð himins og lofgjörð jarðar. Það gerist þegar kristið fólk syngur jólasálmanna og þeir sem það gera njóta nálægðar við hinn hæsta Guð, skapara himins og jarðar, þegar hann birtist í frelsaranum Jesú Kristi, sem við fólk á jörðu megum kalla vininn besta.

## Lifandi ljós frá Betlehem

Eins og undanfarin ár, mun verða tendrað í kirkjunni okkar lifandi kertaljós, sem sótt hefur verið alla leið austur til Betlehem. Það ljós verður kveikt í Seljakirkju við byrjun aðventu og látið loga til hliðar við altari kirkjunnar til þrettánda í jólum. Ljósíð var upphaflega sótt til Betlehem að frumkvæði skáta, og hefur verið látið loga í kirkjum víða um land. Það hefur verið mikið og vandamt verk að varðveita ljósíð frá

ári til árs og koma því síðan til hinna mörgu kirkna. Þeir sem að því hafa staðið eiga heiður skilinn. Það á vel við að ljósíð frá Betlehem minni okkur á boðskapinn sem þar var fluttur hina fyrstu jólanótt. Minni okkur ekki síður á þá miklu fylkingu sem kristnir menn og konur eru um gjörvalla veröld, og hversu dýrmætt er að vera hluti af þeim hópi sem tignar Jesúm Krist á jörðu.



# Aðventudagskrá í Seljakirkju 2013

## 1. desember

## 1. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta Yngri hópur Barnakórs Seljakirkju syngur.
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar Eldri hópur barnakórsins og kirkjukórinn flytja tónlist
kl. 16	Guðsþjónusta í Skógarbæ Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar.
kl. 20	Aðventukvöld Fjölbreytt aðventudagskrá: Kirkjukórinn syngur undir stjórn Tómasar G. Eggertssonar. Seljur, kór kvenfélagsins, syngja undir stjórn Svövu Ingólfsd. Hugvekju flytur Gunnlaugur Claessen, hæstaréttardómari Jólasaga lesin Aðventuljósín tendruð

## 3. desember

kl. 19.30	Jólafundur Kvenfélags Seljasóknar Aðventudagskrá Hugvekju flytur sr. Valgeir Ástráðsson Upplestur, Seljurnar syngja, hátíðarmatur og jólapakkar. Þátttaka tilkynnist til stjórnarkvænna
-----------	---

## 8. desember

## 2. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

## 15. desember

## 3. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta Skólahljómsveit Austurbæjar leikur jólalög undir stjórn Vilborgar Jónsdóttur
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar.
kl. 17	Aðventutónleikar Karlakórsins Fóstbræðra Stjórnandi: Árni Harðarson Einsöngur: Auður Guðjohnsen Undirleikur: Tómas Guðni Eggertsson Sr. Valgeir Ástráðsson flytur hugvekju.

## 22. desember

## 4. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

Kór Seljakirkju leiðir söng við guðsþjónusturnar  
Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Gjör dyrnar breiðar, hliðið hátt.  
Þú, Herrans kristni, fagna mátt,  
því kóngur dýrðar kemur hér  
og kýs að eiga dvöl hjá þér.

Hann býður líknar blessað ár,  
hann býður dýpst að græða sár,  
hann býður þyngstu' að borga sekt,  
hann býður aumra' að skýla nekt.

Sjá, mildi' er lögmál lausnarans.  
sjá, líkn er veldissproti hans.  
Því kom þú, lýður kristinn, nú  
og kóngi dýrðar fagna þú.

Hve sælt það land, hve sælt það hús,  
er sælugjafinn líknarfús  
sér trútt og hlýðið fundið fær,  
þar friður, heill og blessun grær.

Hve sælt það hjarta ávallt er,  
sem ást til Kristis með lotning ber  
og honum í sér bústað býr,  
að bragði sorg öll þaðan flýr.

Gjör dyrnar breiðar, hliðið hátt,  
þig, hjarta, prýð sem best þú mátt,  
og trúarlampann tendra þinn,  
og til þín bjóð þú Jesú inn.

Ég opna hlið míns hjarta þér,  
ó, Herra Jesús, bú hjá mér,  
að fái hjálparhönd þín sterk  
þar heilagt unnið náðarverk.

Ó, kom, minn Jesús, kom sem fyrst,  
ó, kom og mér í brjósti gist,  
ó, kom þú, segir sála mín,  
ó, seg við mig: Ég kem til þín.

*Helgi Hálfánarson - sb. 59*



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
34. árg. 2. töl. Aðventa 2013

Seljakirkja  
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson.  
Myndir: Elena Einarisdóttir, Emillía Björg Óskarsdóttir  
og sr. Valgeir Ástráðsson  
Útlitshönnun: Gisli B. Björnsson  
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson  
Prentun: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.